

Seltjarnarnesbær  
Soffía Karlsdóttir  
Austurströnd 2  
170 Seltjarnarnes

Umhverfisstofnun
Áb. _____
05. feb. 2014 9.5.3
Tilv. _____



Reykjavík, 3. febrúar 2014  
Tilvísun: UST20140100118/mik

### Efni: Beiðni um undanþágu á banni við umferð fólks um Gróttu

Umhverfisstofnun vísar til erindis Soffíu Karlsdóttur fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar dags. 15. janúar sl. vegna beiðni um undanþágu á banni við umferð fólks um Gróttu þann 3. maí næstkomandi vegna Gróttudags.


Gróttu er friðland sbr. auglýsingu nr. 13/1984 í Stjórnartíðindum B. Umferð óviðkomandi fólks er bönnuð á tímabilinu 1. maí til 15. júlí. Utan þess tíma er gangandi fólki heimil för um svæðið og að því eftir fjörum eða öðrum opnum gönguleiðum. Óheimilt er að aka um svæðið án sérstaks leyfis og bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skaða varp.


Í tilefni af árlegum Gróttudegi fjölskyldunnar er óskað eftir undanþágu við banni við umferð fólks innan Gróttufriðlandsins á tímabilinu 12:00-16:00 þann 3. maí næstkomandi. Vegna óhagstæðrar flóðatöflu og einnig að páskana ber upp á síðla í apríl þarf að flytja viðburðinn en hann hefur iðulega verið haldin í apríl. Að halda Gróttudaginn fyrr í apríl er fremur óhagkvæmt vegna veðurs og meiri hættu á að blása verði hátíðina af.

Heimild til að veita undanþágur frá reglum þeim sem gilda um friðlandið Gróttu er ekki að finna í friðlýsingarskilmálum svæðisins né í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun getur því ekki veitt Seltjarnarnesbæ undanþágu frá banni við umferð fólks um svæðið á lokunartíma þess.

Umhverfisstofnun bendir á, að skv. 3. ml. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er heimilt að kæra ákvörðunina til umhverfis- og auðlindaráðherra.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

  
Þórdís V. Bragadóttir  
Sérfræðingur